

**Nd. 750. Frumvarp til jarðræktarlaga. [248. mál]**

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 545 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr. hljóðar svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Í stað 22.—33. gr. komi:

#### IV. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

22. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulega máli skiptir, skal sæta sektum frá 1000—10 000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrir mælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

24. gr.

Andvirði helmings af eignum Vélasjóðs, eins og þær reynast, sbr. ákvæði til bráðabirgða hér á eftir, skal leggja í sérstakan sjóð, er Búnaðarfélag Íslands varðveitir. Verkefni þess sjóðs skal vera að styrkja tilraunir með álitlegar tækninýjungar í landbúnaði, eftir tillögum Búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra setur sjóðnum reglugerð.

25. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag á umbætur, unnar á árinu 1972, samkvæmt því. Jafnframt eru úr gildi numin: Jarðræktarlög nr. 22 24. apríl 1965, lög um breytingar á jarðræktarlögum, nr. 36 24. apríl 1968, og 51. og 52. gr. 4. liður 61. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands vöð á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Með lagabreytingu þessari eru niður felld ákvæði um Vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélanefnd ríkisins skal starfa til ársloka 1972, og skal hún fyrir þann tíma koma eignum Vélasjóðs í verð í samráði við landbúnaðarráðherra og ganga frá lokauppgjöri á reikningum sjóðsins.